

Alþingi
Erindi nr. P 127/1071
komudagur 7.3.2002

Íslensk NýOrka ehf

Síðumúli 13, P.O. Box 8192, 128 Reykjavík

Sími: 588-0310 Fax: 588-0315 GSM: 863-6510 Netfang: skulason@newenergy.is

Reykjavík, 07.03.02

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mörkun stefnu um vistvænt eldsneyti á Íslandi.

Síðan Íslensk NýOrka var stofnuð (1999) hefur fyrirtækið unnið að verkefnum sem miða að því að nota vetni sem orkubera í stað hefðbundins jarðefnaeldsneytis. Unnið hefur verið í nánum samskiptum við stjórnvöld og hafa þau samskipti verið mjög góð og jákvæð. Hins vegar er ljóst að formlega stefnu varðandi vistvænt eldsneyti á Íslandi hefur vantað.

Athygli sú sem vetnisverkefnið á Íslandi hefur vakið er hreint ótrúleg¹. Mörg erlend (sem innlend) fyrirtæki og fjárfestar hafa leitað eftir samstarfi en algengt er að spurt er um framtíðar stefnu stjórnvalda varðandi þennan nýja orkubera. Hér er átt við uppbyggingu innviða (dreifikerfis) fyrir nýtt eldsneyti, efnahagsáhrif, stuðningskerfi o.s.frv. Möguleikar Íslands í þessum málum til framtíðar eru nánast óþrjótandi. Það er því mikilvægt að hefja undirbúningsvinnu sem allra fyrst til að nýta þessa möguleika sem allra best.

Íslensk NýOrka og samstarfsfyrirtæki fagna þessari þingsályktunartillögu og fyrirtækið vonar að aðrir geri slíkt hið sama. Mikilvægt er að þessi vinna hefjist sem allra fyrst og er fyrirtækið tilbúið að aðstoða við þá vinnu eftir fremsta megni. Fyrirtækið gerir engar athugasemdir við greinargerðina sem fylgir þessari þingsályktun og óskar flutningsmönnum til hamingju með þá yfirsýn og framsýni sem þeir hafa sýnt með vinnu sinni.

Virðingarfyllst,



Jón Björn Skúlason
Framkvæmdastjóri

¹ Sjá Viðauka 1.